



Dómstóll ÍSÍ

Dómur 17. október 2025

Mál nr. 9/2025

Arnar Pétursson (*Jóna Þórey Pétursdóttir lögmaður*)

gegn

Frjálsíþróttasambandi Íslands (*Freyr Ólafsson*) og Glímufélaginu Ármanni (*Björn Margeirsson*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. október 2025, var höfðað með kæru sem móttækin var hjá skrifstofu ÍSÍ þann 15. júlí 2025 af hálfu Arnari Péturssyni, kt. 120391-3489, á hendur Frjálsíþróttasambandi Íslands og Glímufélaginu Ármanni.

Kærandi krefst þess að dómstóll ÍSÍ dæmi að úrslit í Íslandsmeistaramótinu í 10 kílómetra götuhlaupi þann 2. júlí 2025 hafi verið þau að kærandi, Arnar Pétursson, kt. 120391-3489, sigraði hlaupið og sé Íslandsmeistari í 10 kílómetra götuhlaupi. Til vara krefst kærandi þess að Íslandsmeistaramótið í 10 kílómetra götuhlaupi verði ógilt og skuli endurtekið.

Kærða, Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) krefst sýknu af kröfum kæranda. Kærða, Glímufélagið Ármann (GÁ), krefst þess að kæra verði felld niður og kærandi borgi málskostnað verði hann einhver.

Yfirlit málsatvika:

Málsatvik eru þau að þann 2. júlí 2025 kom kærandi fyrstur í mark í Íslandsmeistaramóti í 10 km götuhlaupi karla en um 5 mínútum eftir að kærandi kom í mark dæmdi dómari mótsins hann úr leik á grundvelli ákvæðis 55.10 í tæknireglum Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (WA) vegna atviks sem dómari hlaupsins sá sjálfur greinilega þegar það átti sér stað í beygju af Klettagörðum inn á Sæbraut. Atvikið átti sér stað þegar um 6 km voru búnir af hlaupinu, kærandi kláraði hlaupið og var rúmum 3 sekúndum eða um 20 metrum á undan næsta manni.

Kærandi lýsir því að hann, Þorsteinn Roy og Stefán Pálsson hafi hlaupið alla hlaupaleiðina saman þangað til í lokin þegar um 600 metrar hafi verið eftir af hlaupinu. Þar sem atvikið hafi átt sér stað hafi þeir allir hlaupið í röð, Þorsteinn fyrstur, kærandi annar og Stefán þriðji. Þegar þeir hafi komið að beygjunni hafi kærandi verið beint á eftir Þorsteini. Kærandi kunni að hafa tekið 2-3 skref við hliðina á gangstéttinni þar sem gangstéttarbitar mætist og hvasst horn myndist í aðdraganda beygjunnar, en hlaupaleið kæranda hafi verið svo til í beinni línu á eftir





Þorsteini inn í beygjuna og kærandi hafi haldist á sama stað miðað við aðra keppendur á för sinni inn í og í beygjunni og úr beygjunni. Röð keppenda hafi haldist sú sama í, fyrir og eftir beygjuna og bilið á milli keppenda líka. Á engum tímapunkti hafi hann verið að stytta sér leið, eða taka ákvörðun um það, enda sjáist á myndum að það sé ómögulegt að það geti verið teljandi munur á því að misstíga af gangstétt á staðnum og að vera með báða fætur inni á gangstéttinni í hverju skrefi. Á engum tímapunkti hafi kærandi haldið að hann væri að fara út fyrir hlaupaleiðina, enda hafi brautin ekki verið afmörkuð með borða, kít, grindverki, eða öðru, auk þess sem hann hafi hlaupið beint á eftir Þorsteini. Tæpir 4 kílómetrar hefðu verið í mark þar sem atvikið átti sér stað og óskiljanlegt væri hvernig þessi þrjú skref ættu að hafa haft einhver áhrif á úrslit hlaupsins eða stýtt vegalengdina að einhverju leyti.

Dómari hlaupsins var jafnframt yfirdómari þess. Strax og kæranda var kynnt ákvörðunin þá kærði hann ákvörðunina (mótmælti henni). Dómari hlaupsins bar um það fyrir dómi að þar sem ákvörðun hans hefði byggt á atvikum sem hann sjálfur sá hafi hann ekki talið tilefni til þess að taka dóm sinn til endurskoðunar þrátt fyrir mótmæli kæranda.

Þann 4. júlí 2025 sendi kærandi erindi til stjórnar FRÍ og fór fram á að ákvörðunin um að dæma hann úr leik yrði ógild. Þann 9. júlí 2025 brást stjórn FRÍ við erindi kæranda með eftirfarandi hætti:

“Stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands harmar að málið hafi komið upp en tekur ekki efnislega afstöðu til þess. Þar sem Frjálsíþróttasamband Íslands rekur ekki sérstakan dómstól er keppanda bent á að snúa sér til dómstóls ÍSÍ. Vakin er athygli á að í lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (kafla 4) koma fram upplýsingar er varða kærufrest, málsmeðferð og svo framvegis.”

Helstu málsástæður kæranda:

Kærandi byggir á að upphafleg úrslit og sigur kæranda verði að standa, þar sem ekki hafi verið brotið gegn umræddu ákvæði 55.10 í tæknireglum WA sem dómari hafi tiltekið, niðurstaða dómara sé í ósamræmi við þær reglur sem um mótið gildi og framkvæmd mótsins hafi verið ófullnægjandi.

Kærandi byggir á að hann hafi ekki stýtt sér leið en það að atvik hafi stýtt leið hlaupara sé grundvallarforsenda fyrirvaralausrar brottvísunar skv. ákvæði 55.10 í tæknireglum WA og því geti ákvörðunin ekki staðið heldur þurfi að staðfesta upphafleg úrslit og sigur kæranda. Það sé m.a. ljóst af skýrslu dómarans að hann hafi ekki stýtt sér leið en í skýrslunni segi um háttsemina að hún hafi falist í að taka: *“a.m.k. 3 skref sem keppandi tók utan brautar. Báðir fætur keppanda snertu að fullu grasið þannig að á tímapunkti var keppandinn að fullu utan afmarkaðrar hlaupaleiðar.”* Þessi forsenda fyrir ákvörðun dómarans, um að báðir fætur hafi í þremur skrefum verið utan við gangstéttina og hann því utan brautar, sé ekki fullnægjandi til að dæma úr leik, enda verði það aðeins gert ef hlaup utan brautar stýttir í raun leið hlauparans og ekki sé samasemmerki milli þess að stíga á grasið/möl við hlið gangstéttarinnar og stytta sér leið. Í





Þessu samhengi skipti máli að engin breyting hafi orðið á röð keppenda og staða keppenda hafi ekki orðið fyrir nokkrum áhrifum vegna atviksins, auk þess að þrjú skref utan brautar á þessum tiltekna stað hafi augljóslega engin áhrif haft á úrslit hlaupsins þar sem um þremur sekúndum (um 20 metrum) munaði á keppendum er þeir komu í mark. Miðað við orðalag ákvæðis 55.10 í tæknireglum WA eigi ekki að vera mögulegt að dæma keppanda úr leik eingöngu því báðir fætur hafi verið utan brautar í þremur skrefum.

Kærandi andmælir því að hafa verið utan “afmarkaðrar hlaupaleiðar”, enda hafi hlaupaleiðin ekki verið afmörkuð á þessum stað. Engar merkingar, borðar, teikningar, eða annað sambærilegt hafi afmarkað hlaupaleiðina og hafi kærandi því ekki farið út fyrir neina afmörkun. Í þessu samhengi sé mikilvægi afmörkunar og merkinga ótvírætt, enda ómöguleiki að framfylgja því hvort hlaupaleið hafi verið brotin og/eða leiðin stytt, þegar brautin sé í reynd ekki merkt með nákvæmari hætti en raun bar vitni. Allur vafi um það verði að túlka keppanda í hag, enda sönnunarbyrði á brautarleiðinni, merkingu hennar og vegalengdum hlaupsins á mótshaldara. Kærandi bendir einnig á, að sú forsenda fyrir ákvörðun dómarsins, um að þrjú skref hafi verið að fullu utan gangstéttar, beri þess merki að vera í takt við reglur sem gildi um brautarhlaup en ekki götuhlaup. Þessar keppnisgreinar séu eðlisólíkar og um greinarnar gildi augljóslega ólíkar reglur af gildri ástæðu og alvanalegt sé að skref séu tekin utan gangbrautar þegar götuhlaup fari fram á gangbraut.

Kærandi byggir á að skv. leiðbeiningum með reglu 55 í tæknireglum WA, sem skýri aðferðarfræðina við beitingu reglu 55, skuli almennt fyrst veita viðvörðun vegna brota við reglunni, jafnvel þó það kunni að vera vandkvæðum bundið að koma slíkri viðvörðun til skila til keppanda. Auk þess byggir kærandi á ákvæði 14.4 í reglum WA C1.6 - Label Road Race Regulations, þar sem fram komi að dómari gefi viðvörðun ef brotið sé gegn brautarreglum, og í sérstaklega alvarlegum tilfellum (e. particularly serious cases), geti dómari dæmt keppendur úr leik. Kærandi byggir á að meginreglan sé því sú að veita skuli viðvaranir fyrst við brotum gegn keppnisreglum, nema í sérstaklega alvarlegum tilvikum. Byggir kærandi á að undantekningar beri að túlka þröngt, og verði skilyrði fyrirvaralausrar brottvísunar því að vera skýrlega uppfyllt og brotið sérstaklega alvarlegt ef ganga eigi framhjá viðvörðunarskyldunni. Tilfellið sem hér um ræði sé með engu móti hægt að túlka sem sérstaklega alvarlegt brot á reglunum enda um þrjú skref að ræða, samsíða gangstéttinni, þar sem ekki hafi verið farið út fyrir neinar merkingar mótshaldara. Atvikið hafi ekki stytt leið kæranda, hafi engin áhrif haft á stöðu hans eða annarra keppenda, ekki veitt forskot eða hagræðingu með neinum hætti, hafi ekki haft áhrif á úrslit hlaupsins og alvanalegt væri að hlauparar taki sambærileg skref samsíða gangstétt í götuhlaupum. Ótækt sé að fyrirvaralausri brottvísun hafi verið beitt í þessu tilviki. Þá bendir kærandi á að dómari, sem hafi verið við hlið kæranda þegar atvikið gerðist, hafi ekki séð sig knúinn til að dæma kæranda strax úr leik og beri það þess vitni að atvikið hafi alls ekki þótt alvarlegt heldur verið mjög vægt. Ætla megi að ef kærandi hefði raunverulega stytt sér leið með því að hlaupa þvert yfir skýrar afmarkanir og bætt stöðu sína gagnvart öðrum keppendum, að dómari hefði dæmt hann samstundis úr leik. Kærandi byggir einnig á því að það að láta hann





klára þá 4 kílómetra sem eftir voru af hlaupinu áður en dómari dæmdi hann úr leik með fyrirvaralausri brottvísun, sé ekki í samræmi við reglurnar sem um mótið gildi.

Kærandi byggir á að merkingar á brautarleiðinni hafi verið í ósamræmi við ákvæði 55.11 og 55.2 í tæknireglum WA, og 8.3(b) og 1. gr. 9. kafla í reglum FRÍ. Því sé ómögulegt að dæma hann úr leik fyrir að fara út fyrir brautarmörk sem voru í reynd ekki afmörkuð. Kærandi byggir á að í þeim tilvikum sem götuhlaup er ekki á götu, heldur gangstétt, kveði ákvæði 55.2. í tæknireglum WA á um, að braut megi vera á hjólastíg eða göngustíg sé hún kyrfilega merkt (e. duly-marked). Á keppnisdegi hafi hlaupið að langmestu leyti verið á gangstétt. Hlaupabrautin hafi þó ekki verið afmörkuð með borðum, girðingum, grindverki, eða öðru sem gat merkt brautarmörkin með fullnægjandi hætti þar sem atvikið átti sér stað, og því ekki í samræmi við gr. 55.2. Kærandi bendir á að í 1. gr. 9. kafla reglna FRÍ, segi að hlaupahaldari skuli tryggja að hlaupaleiðin sé í hvívetna lögð og merkt skv. útgefinni mælingaskýrslu og merkingaáætlun. Hlaupaleiðin hafi þó í reynd hvorki verið lögð né merkt á þeim stað sem atvikið átti sér stað fyrir hlauparana sem hlupu hana á keppnisdag. Einhverjar merkingar hafi verið einhversstaðar á brautinni (t.d. við Hörpu), og jafnvel þó ekki séu gerðar kröfur til grindverks, borða, eða þess háttar merkinga alla brautina, þá sé greinileg merking brautar nauðsynleg, svo sem með keilum, teipi, málningu, vörðum, o.s.frv., til að mynda á stöðum þar sem talin er þörf á brautarvörslu, t.d. við krappar beygjur sbr. gr. 8.3.(b) í reglum FRÍ. Umrætt atvik hafi átt sér stað þar sem gangstéttarbrautir mætist og skapist því skarpt horn í kanti gangstéttarinnar á annars nokkuð beinum kafla áður en beygjan byrjar. Í því samhengi skipti máli að kærandi hafi verið á eftir öðrum hlaupara og séð illa beint niður fyrir sig til að taka mið af þessu skarpa horni. Sem fyrr segir hafi ekki verið grindverk eða merking á brautarmörkunum á þessum stað, en það hafi verið brautarvarsla þar. Sú brautarvarsla hafi þó hvorki verið svo ströng né skýr að hlaupurum hafi getið verið ljóst að stig út fyrir gangstéttina þar sem hið skarpa horn á malbikinu skapast, væri óheimilt á þessum stað. Í raun hafi brautarvörður enga athugasemd gert við stig kæranda við hlið gangstéttarinnar á þessum stað. Samkvæmt ákvæði 55.11 í tæknireglum WA og græna leiðbeiningartextanum í tæknireglum WA, ætti brautarvörður að veita upplýsingar til dómara um brot gegn reglum, en ekkert slíkt virðist hafa gerst í hlaupinu. Kærandi byggir á að jafnvel þó merkingaráætlun skv. 8. kafla reglna FRÍ kunni að hafa verið til staðar sé ljóst að leiðin var ekki stikuð af með þeim hætti að hlauparar gætu með góðu móti áttað sig á að brautin afmarkaðist eingöngu við umrætt malbik og að stig út fyrir það malbik gangstéttarinnar gæti leitt til þess að vera dæmdur strax úr leik. Í því ljósi geti úrslit ekki staðið sem byggja á því að keppandi var dæmdur úr leik fyrir að stíga þrjú skref við hlið gangstéttarinnar þar sem brautin var ekki afmörkuð. Sönnunarbyrðin um brautina og leiðina sem hlaupurum sé heimilt að fara, sé á mótshaldara og eigi keppendur að geta treyst á mótshaldara til að merkja brautir með fullnægjandi hætti. Bendir kærandi á að lýsing sem keppendur hafi fengið af brautinni fyrir hlaupið sé svo óskýr, að það er ótækt að ætla hlaupurum að átta sig á því að þrjú skref út fyrir gangstéttina varði við brottvísun. Ekki sé nóg að treysta á óskýr kort, fyrirfram textalýsingar, eða reynslu hlaupara enda kveði reglur skýrt á um að brautin skuli merkt og/eða brautarvarsla tryggð.





Kærandi byggir á að óboðlegt sé að vísa til reynslu einstaka hlaupara við mat á því hvort ákvörðun dómara og framkvæmd hlaups standist reglur, eins og gert sé í greinargerð kærða FRÍ. Þá hafnar kærandi því alfarið að gögn úr Strava styðji við ákvörðun dómarans um að kærandi hafi styttn sér leið líkt og tiltekið sé í greinargerð kærða FRÍ. Sönnunargildi mælinga Strava sé ekkert og ótækt að draga gögn úr því forriti fram því til stuðnings að ákvörðun dómara á keppnisdegi hafi verið í samræmi við reglur. Bendir kærandi á að gögnin séu mjög ónákvæm og þá fari það eftir hverjum og einum hlaupara hvernig forritið sé notað, t.d. hvenær viðkomandi hlaupari setur mælingu í forritinu af stað en í tilviki kæranda sjálfs setji hann aðeins úrið af stað þegar hann sé búinn að einbeita sér að startinu og ná sér í ákjósanlega stöðu í hlaupinu hverju sinni.

Helstu málsástæður kærða FRÍ:

Kærða, FRÍ byggir á að kærandi hafi styttn sér leið. Samkvæmt ákvæði 55.10 í tæknireglum WA beri dómara að dæma íþróttamann úr leik sem yfirgefur afmarkaða braut og styttn sér þar með þá vegalengd sem átti að hlaupa. Dómarinn hafi tekið ákvörðun um að dæma kæranda úr leik á grundvelli ákvæðisins þar sem hann hafi séð keppandann stíga a.m.k. þrjú skref utan brautar og styttn sér þannig leið. Atvikið hafi átt sér stað í beygju þar sem hlaupaleiðin hafi verið afmörkuð af göngustíg með grasi hvoru megin við og var skýrt að leiðin lægi um stíginn en ekki grasið. Kærandi hafi styttn sér leið með því að hlaupa á innanverðu grasinu í beygjunni. Þá byggir kærða FRÍ á að gögn úr Strava styðji við ákvörðun dómarans um að kærandi hafi styttn sér leið. Hvað sem þeim gögnum líði þá sé ákvörðun dómara á staðnum mikilvægasta staðfestingin, enda vitni að brotinu, og dómarinn dæmi út frá því. Sama gildi í öðrum íþróttum, þ.e. dómarar séu vitni að brotum og dæmi út frá þeirri upplifun.

Kærða FRÍ hafnar því að við mat á beitingu ákvæðis 55.10 í tæknireglum WA beri dómara að líta til þess hvort stytting hafi í raun áhrif á röðum keppanda og þar með úrslit hlaupsins. Ákvæðið geri engan slíkan áskilnað, ómögulegt væri fyrir dómara í framkvæmd að meta slíkt sem myndi valda glundroða við framkvæmd hlaupa og slík túlkun myndi leiða til þess að hlauparar gætu bætt sinn tíma og jafnvel slegið ísland- eða alþjóðleg met með því að hlaupa styttri hlaupaleiðir að því gefnu að styttingin hefði ekki áhrif á röð keppenda. Slík túlkun gangi auðvitað ekki upp og sé hafnað. Eina túlkun á ákvæðinu sem gangi upp sé samkvæmt orðanna hljóðan að dæma beri keppendur úr leik sem yfirgefa afmarka braut og styttn sér þar með þá vegalengd sem átti að hlaupa líkt og gert hafi verið í tilviki kæranda í umræddu hlaupi.

Kærða FRÍ hafnar því að vara hefði þurft kæranda við og gefa honum þannig tækifæri á að bæta ráð sitt áður en hann var dæmdur úr leik. VII. kafli um götuhlaup í tæknireglum WA sé heildar kafli um götuhlaup og skv. kaflanum geti keppendur og lið verið dæmd úr leik af ýmsum ástæðum, t.d. vegna brota á reglum um boðhlaup skv. ákvæði 55.5. og reglum um drykkjarstöðvar skv. ákvæði 55.8.8 og í síðarnefnda tilvikinu sé sérstaklega áréttað að á brottvísaminning sé nauðsynlegur undanfari brottvísunar. Ákvæði 55.10 sé á hinn bóginn skýrt um að brottvísa eigi keppanda úr leik sem fer út fyrir braut og styttn sér leið. Ekki sé gert ráð fyrri að heimilt sé að áminna í þeim aðstæðum og heimila keppanda þannig að komast upp með





að stytta sér leið. Byggir kærða FRÍ á að bókun C-C2.1 tilgreini einvörðungu að það geti valdið erfiðleikum í framkvæmd að fylgja þeirri venju, þar sem við á, að gefa fyrst áminningu áður en viðeigandi ákvæðum reglugerðarinnar sé beitt. Þrátt fyrir það ætti dómari, ef unnt er, að reyna að fylgja þessari venju í þeim tilvikum þar sem það sé viðeigandi. Hins vegar standi eftir sem áður í gildi samkvæmt athugasemdum við reglugerð 6.2 í tæknireglunum, að við ákveðnar aðstæður geti brottvísun átt sér stað, og eigi að eiga sér stað, án þess að viðvörðun sé gefin. Í leiðbeiningum með 7. gr. í 1. hluta tæknireglna WA, sem gildi fyrir allar greinar frjálsíþróttar, sem fjalli um áminningar og brottvísanir, segi að í ákveðnum tilvikum sé hvorki annar möguleiki raunhæfur né rökréttur en að brottvísa íþróttamanni vegna tiltekinna brota án undangenginnar áminningar. Varla sé hægt að hugsa sér alvarlegra brot við framkvæmd hlaups en að stytta sér leið. Annar möguleiki en að brottvísa keppanda sé hvorki raunhæfur né rökréttur í slíkum tilvikum enda sé með því verið að heimila keppanda að ná ólögmætu forskoti á aðra keppendur, hvort sem er í viðkomandi hlaupi eða í öllum öðrum hlaupum þar sem hlaupin er sama vegalengd.

Kærða FRÍ byggir á að hlaupara með umtalsverða reynslu, eins og kærandi, hafi mátt vera ljóst miðað við lýsingu á hlaupaleið, kort og reglur þar sem tilgreind sé ábyrgð hans sem þátttakanda að hlaupið færi fram á göngustíg og að víkja af honum þótt stutt sé, sé óheimil stytting á hlaupaleið. Í tæknireglum WA sé ekki gerð krafa um að hlaupaleiðir í götuhlaupum séu afmarkaðar með grindum, borðum o.þ.h. alla leiðina sbr. ákvæði 55.2 Byggir kærða FRÍ á að jafnvel þótt það hefði verið skylt að afgirða hlaupaleiðina alla með grindum og borðum þá jafngildi það ekki heimild til þess að víkja út af auglýstri hlaupaleið.

Kærða FRÍ hafnar því sem röngu og ósönnuðu að það leiði af tæknireglum WA að skilyrði þess að heimilt sé að dæma hlaupara úr leik sé að ákvörðun sé tekin meðan á hlaupi stendur. Að dæma keppanda úr leik í miðju hlaupi geti hæglega skapað truflun og haft óþægindi í för með sér fyrir aðra hlaupara sem njóti jafnframt réttinda skv. innlendum og alþjóðlegum reglum. Kærandi hafi tekið ákvörðuninni mjög illa og hefði það því án vafa getað haft mikil og neikvæð áhrif á frammistöðu annarra keppenda að dæma hann úr leik í miðju hlaupi Það sé því undir mati dómara komið hvort ákvörðun sé tekin þegar í stað eftir atvikið í miðju hlaupi eða strax í lok hlaups eins og tilvikið hafi verið í þessu máli.

Helstu málsástæður kærða GÁ:

Kærða GÁ, byggir á að á upplýsingasíðu hlaupsins hafi verið skýrt tekið fram að hlaupið færi fram á göngustíg þar sem umþrætt atvik átti sér stað og einnig hafi verið birtar myndir af leið. Í upplýsingapósti sem kærða GÁ hafi sent þátttakendum fyrir keppni hafi brautarlýsing aftur komið fram með myndum, þar hafi m.a. komið fram að hlaupið væri á göngustíg. Einnig hafi kærða GÁ ítrekað í pósti til þátttakenda daginn sem hlaupið fór fram að hlaupið færi fram á göngustíg.

Kærða GÁ byggir á að hlaupaleiðin hafi verið lögð og merkt samkvæmt mælingarskýrslu frá vottuðum mælingamanni keppnisbrauta og merkingaáætlun sem á mælingarskýrslunni byggja. Samkvæmt reglugerð FRÍ um meistaramót í götuhlaupum grein 10.2-c sé tekið fram að sé þörf





á keilum, girðingum og/eða borðum skuli það tilgreint í mælingarskýrslu. Í mælingarskýrslu komi fram leiðbeiningar um merkingar þar sem sérstakar aðgæslu er þörf vegna merkinga eða annarra atriða er geta orkað tvímælis. Engar sérstakar athugasemdir komi fram í mælingarskýrslunni um þá beygju er umþrætt atvik átti sér stað í. Þá sé ekki raunhæft að merkja hverja einustu beygju í keppnishlaupi eins og 10 km götuhlaupi, auk þess sem þess sé ekki krafist samkvæmt reglugerð FRÍ um framkvæmd meistaramóta í götuhlaupum.

Kærða GÁ byggir á að hlaupaleið hlaupsins hafi verið að miklu leyti á göngustíg eins og gildi um mörg önnur götuhlaup á Íslandi. Ef fullnægja ætti kröfu kæranda um að brautin skuli kyrfilega merkt sé hún á göngustíg þá sé augljóst að vinna við brautarmerkingar íslenskra götuhlaupa myndi margfaldast með meðfylgjandi stóraukinni vinnu sjálfbóðaliða og/eða kostnaðarauka, sem myndi að einhverju leyti skila sér í hærra verði aðgöngumiða í götuhlaup. Að taka tillit til kröfu kæranda myndi því hafa mjög afdrifaríkt fordæmisgildi fyrir framkvæmd götuhlaupa á Íslandi.

Kærða GÁ hafnar því að umrædd beygja sé skörp beygja og byggir á því að ekki eigi að taka tillit til orða kæranda um að hann hafi verið beint á eftir næsta keppanda og því ekki séð að fullu niður fyrir sig, það gefi ekki kæranda afsökun fyrir því að stíga út á grasið utan skilgreindrar hlaupaleiðar, sem stytta hlaupaleiðina. Reynslumikill keppnishlaupari líkt og kærandi ætti að hafa nægilega reynslu til að staðsetja sig ekki svo nærri mörkum skilgreindrar hlaupaleiðar að beygja upp á 15-30° gæti orðið til þess að hann stígi út af hlaupaleiðinni. Sú staðreynd að hlauparar í þessari beygju hafi mögulega verið að mæta hlaupurum komandi úr hinni áttinni hafi enga þýðingu í þessu sambandi.

Niðurstaða:

I.

Það er grundvallarregla í íþróttarétti að ákvarðanir dómara í leik sem byggja á mati hans á atvikum sæta almennt ekki endurskoðun. Undantekningar kunna að eiga við ef sýnt er fram á að ákvörðunin hafi byggt á svikum, geðþóttu, spillingu eða sambærilegum ástæðum, eða ef sérstök heimild til endurskoðunar er fyrir hendi í viðeigandi reglum. Í tæknireglum Alþjóðafriðsþróttasambandsins (WA) er þessi grundvallarregla skrásett í ákvæði 8.11, ákvæðið er svohljóðandi:

The decision of the Jury of Appeal (or of the Referee in the absence of a Jury of Appeal or if no appeal to the Jury is made) shall be final and there shall be no further right of appeal, including to CAS.

Í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar FRÍ nr. 34 um Meistaramót í götuhlaupum er kveðið á um að ef hlaupari telur á sér brotið í hlaupi og hyggst kæra úrslitin skuli hann gera það innan 30 mínútna frá birtingu þeirra. Kæra skuli vera munnleg og berast yfirdómara hlaupsins. Í reglugerð FRÍ nr. 34 er hvorki að finna reglur sem skýra nánar málsmeðferð kærumála skv. 4. mgr. 7. gr., né áfrýjunarheimild vegna ákvörðunar yfirdómara í slíkum kærumálum. Samkvæmt fyrri 17. gr.





reglugerðar FRÍ nr. 34 sem ber heitið *Önnur ákvæði* (tvö ákvæði í reglugerðinni eru nr. 17) gilda m.a. keppnisreglur WA þar sem ákvæðum reglugerðar FRÍ sleppir.

Dómari hlaupsins var jafnframt yfirdómari þess og kæru (mótmælum) kæranda var því réttilega beint að honum af hálfu kæranda skv. 4. mgr. 7. gr. reglugerðar FRÍ nr. 34. Eins og fram hefur komið bar dómari hlaupsins um það fyrir dómi að þar sem ákvörðun hans hefði byggt á atvikum sem hann sjálfur sá hafi hann ekki talið tilefni til þess að taka dóm sinn til endurskoðunar þrátt fyrir mótmæli kæranda. Samkvæmt ákvæði 8.11 í tæknireglum WA er þessi ákvörðun dómara hlaupsins endanleg og ekki kæranleg.

Í 1. mgr. 26. gr. laga FRÍ er gert ráð fyrir að stjórn FRÍ geti úrskurðað í málum er varða keppnisreglur og þá skuli fara eftir reglum WA eftir því sem við eigi. Ákvæðið gerir ráð fyrir að unnt sé að áfrýja úrskurðum stjórnar FRÍ um keppnisreglur til dómstóls ÍSÍ, stjórnar WA eða Alþjóðafþróttadómstólsins eftir því sem við eigi hverju sinni.

Á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga FRÍ beindi kærandi erindi til kærða FRÍ þann 4. júlí 2025 þar sem hann fór fram á að ákvörðunin um að dæma hann úr leik yrði ógild. Kærða FRÍ tók ekki efnislega afstöðu til málsins. Með vísan til fyrrnefndrar grundvallarreglu og ákvæðis 8.11 í tæknireglum WA verður ekki talið að í heimild stjórnar FRÍ til þess að úrskurða í málum er varða keppnisreglur felist endurskoðunarvald á ákvörðunum dómara í leik sem byggja á mati hans á atvikum. Slíkar ákvarðanir dómara eru endanlegar og sæta aðeins endurskoðun yfirdómara skv. 4. mgr. 7. gr. reglugerðar FRÍ nr. 34 og eftir atvikum yfirdómnefndar sbr. ákvæði 8.11 í tæknireglum WA. Verður samkvæmt þessu talið að endurskoðunarheimild FRÍ sé takmörkuð og ákvarðanir dómara byggðar á atvikum verði ekki endurskoðaðar. Þar sem áfrýjunarheimild er til staðar til þess að bera úrskurð stjórnar FRÍ um keppnisreglur til endurskoðunar hjá dómstóli ÍSÍ þá er talið að dómstóll ÍSÍ hafi sambærilega heimild til endurskoðunar.

II.

Ákvæði 55.10 í tæknireglum WA er svohljóðandi:

If the Referee is satisfied on the report of a Judge or Umpire or otherwise that an athlete has left the marked course thereby shortening the distance to be covered, they shall be disqualified.

Í ákvæðinu felst að ef dómari telur sannað að keppandi hafi yfirgefið hlaupaleið móts og með því stýtt þá vegalengd sem átti að fara þá skuli keppandinn vera dæmdur úr leik. Það nægir því ekki að keppandi hafi yfirgefið hlaupaleið til þess að rétt sé að beita reglunni heldur þarf keppandi með því einnig að hafa stýtt sér leið. Skýrt er samkvæmt ákvæðinu hverjar afleiðingar það hefur í för með sér ef reglan er brotin, þ.e. keppandi skal dæmdur úr leik ef fyrrnefnd skilyrði eru uppfyllt. Í ákvæðinu er þannig ekki gert ráð fyrir að dómari veiti áminningu fyrst þegar reglan sé brotin líkt og kærandi byggir á. Málatilbúnaður kæranda þess efnis að ákvæði 14.4 í reglum WA C1.6 sem bera heitið *Label Road Race Regulations* hafi þýðingu í þessu sambandi verður ekki tekin til skoðunar enda er gildissvið þeirra reglna takmarkað við hlaup





sem viðurkennd eru skv. reglunum sem svokölluð „*label road races*“ sem Íslandsmeistaramótið í 10 km hlaupi karla var ekki.

Dómari hlaupsins bar um það fyrir dómi að ákvörðun hans um að dæma kæranda úr leik hafi verið byggð á atviki sem hann hafi séð sjálfur og lýst sé í dómaraskýrslu mótsins. Jafnframt staðfesti hann fyrir dómi að hann hefði lagt mat á það hvort atvikið hefði í reynd stýtt hlaupaleið kæranda og þar sem atvikið hafi átt sér stað í innanverðri beygju þar sem kærandi hafi skorið beygjuna þá hafi leið kæranda út fyrir hlaupaleið mótsins óhjákvæmilega stýtt hlaupaleiðina sem átti að hlaupa.

Í samræmi við fyrrgreinda meginreglu þá verður mat dómara á atvikum ekki endurskoðað af dómstóli ÍSF. Samkvæmt mati dómara hlaupsins á atvikum umrætt sinn þá yfirgaf kærandi hlaupaleið keppninnar og stýtti sér við það leið, verður þetta mat dómara hlaupsins lagt til grundvallar niðurstöðu í þessu máli. Samkvæmt því mati voru bæði skilyrði reglu 55.10 í tæknireglum WA uppfyllt og er því ekki til staðar heimild til þess að endurskoða ákvörðun dómarans um að dæma kæranda úr leik. Í þessu sambandi er áréttað að reglan gerir engan áskilnað um að ásetningur hafi verið til staðar af hálfu keppanda.

III.

Um framkvæmd mótsins gildi reglugerð FRÍ nr. 34 um meistaramót í götuhlaupum. Er þar kveðið á um í 4. mgr. 10. gr. að undirlag hlaupaleiðar skuli vera malbikað eða steipt og af því leiðir að hlaupaleið getur ekki verið á grasi. Fyrir liggur mælingarskýrsla unnin af mælingamanni viðurkenndum af FRÍ, samkvæmt d-lið 2. mgr. 10. gr. skal það tilgreint í skýrslu mælingamanns ef þörf er á keilum, girðingum og/eða borðum. Í mælingarskýrslu mælingamanns mótsins var ekki gert ráð fyrir sérstökum merkingum í þeirri beygju þar sem atvik það sem deilt er um í þessu máli átti sér stað. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar FRÍ nr. 34 á merkingaráætlun að tryggja að enginn vafi sé á hvaða leið þátttakandi á að fara og að öryggi hans sé tryggt. Skv. a-lið 3. mgr. 10. gr. skal brautarvarsla vera til staðar við öll umferðargatnamót á hlaupaleiðinni og á öðrum stöðum þar sem talin er þörf á brautarvörslu, t.d. við krappar beygjur. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. skal dómari á keppnisdegi m.a. staðfesta að brautin sé rétt lögð samkvæmt mælingarskýrslu og merkingaráætlun og útfærsla öll í samræmi við það sem kynnt var dómara og samþykkt fyrir keppnisdag. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. sendir dómari FRÍ og framkvæmdaaðila skýrslu og staðfestir hvort hlaupið hafi uppfyllt reglugerðina. Slík skýrsla dómara liggur fyrir í gögnum málsins.

Í málinu liggja fyrir myndir af aðstæðum þar sem umþrætt atvik átti sér stað. Af myndum er ljóst að eina mögulega hlaupaleiðin á þessu svæði var að hlaupa eftir göngustígnum og því enginn vafi á hvaða leið þátttakendur áttu að fara í skilningi 2. mgr. 10. gr. reglugerðar FRÍ nr. 34. Sitthvoru megin við stíginn var gras en eins og fyrr segir þá er eina löglega undirlag í keppni sem þessari malbik eða steypa. Þá verður ekki fallist á að beygjan þar sem umþrætt atvik þessa máls áttu sér stað teljist vera kröpp beygja í skilningi reglugerðar FRÍ nr. 34, þó liggur fyrir að á staðnum var brautarvarsla. Eins er það ekki meginregla skv. reglugerðinni að hlaupið skuli á





götu og reglugerðin gerir ekki ríkari kröfur til merkinga á göngustígum umfram merkingar á öðrum stígum eða götum.

Með vísan til framangreinds er ekkert fram komið um annað en að framkvæmd mótsins hafi verið í samræmi við reglugerð FRÍ nr. 34.

IV.

Samkvæmt framangreindu er kröfum kæranda hafnað eins og í dómsorði greinir. Af hálfu kærða GÁ var í greinargerð gerð krafa um greiðslu málskostnaðar ef einhver yrði, í málflutningi vegna málsins var því ekki haldið fram að hálfu kærða GÁ að kostnaður hefði hlotist af málinu, samkvæmt því er litið svo á að kærða GÁ hafi fallið frá kröfu um greiðslu málskostnaðar.

Dómsorð:

Kröfu kæranda um að dómstóll ÍSÍ dæmi að úrslit í Íslandsmeistaramótinu í 10 kílómetra götuhlaupi þann 2. júlí 2025 hafi verið þau að kærandi, Arnar Pétursson, kt. 120391-3489, sigraði hlaupið og sé Íslandsmeistari í 10 kílómetra götuhlaupi er hafnað.

Kröfu kæranda um að Íslandsmeistaramótið í 10 kílómetra götuhlaupi verði ógilt og skuli endurtekið er hafnað.

Ingibjörg Pálmadóttir

Málskotsréttur

Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga ÍSÍ er frestur til að áfrýja máli þessu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

